

# Stjórnarfundur FNS

**fimmtudaginn 5. febrúar 2014, kl. 10:00 í húsi KÍ**

Mættar: Ingibjörg, Unnur, Gréta, Ásthildur, Helga, Ágústa

1. Hæfnisviðmið í náms- og starfsráðgjafarnámi
  - Rætt um skýrslu NICE um samevrópsk hæfniviðmið í náms- og starfsráðgjöf. Umræður um námið hér á Íslandi og það hvernig það er frábrugðið því sem er í öðrum löndum sbr. það sem fram kemur í skýrslunni. Stjórnin mun lesa skýrsluna yfir og koma með athugasemdir.
2. 25 ára reglan svokallaða
  - Helga hefur nú þegar sent bréf til Menntamálaráðherra sem stjórnin var búin að lesa yfir og samþykka.
3. Framhaldsskólakynningar
  - Helga var í sambandi við Baldur, starfsmann skólastjórafélags Íslands og ætlaði hann að ræða framhaldsskólakynningar á fundi skólastjórnenda. Höfum ekki fengið nein svör enn frá honum en líklega verður ekki af sameiginlegri kynningu í ár þar sem of langt er liðið á önnina.
4. SEF sjóðurinn
  - Fagfélögum stendur til boða að sækja um styrki til námskeiðahalds fyrir félagsmenn og mun FNS sækja um styrk fyrir sumarnámskeiði. Rætt var um hvernig námskeið væri hægt að halda, tímasetningar og fyrirkomulag þess. Helga sendir inn umsókn.
5. Aðalfundur FNS
  - Aðalfundur félagsins verður haldinn 17. Apríl. Huga þarf að ýmsu fyrir fundinn, t.d. fá fólk í uppstillingarnefnd, hafa samband við nefndir og ráð varðandi það sem þær hafa verið að vinna að o.þ.h.
6. Árshátíð
  - Umræður um árshátíð í kjölfar aðalfundar og hvernig fyrirkomulag við viljum hafa. Ágústa var búin að fá ýmis tilboð í sal og mat en þau voru heldur há. Kannað verður með aðra möguleika.
7. Önnur mál
  - Rætt um fjármál félagsins
  - Rætt um félagatalið
  - Rætt um heimsókn í lðuna sem var sérstaklega vel heppnuð og vel var mætt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:30.